

Nd.

187. Frumvarp

til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913 um skip, árekstur og björgun.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

1. gr. siglingalaganna 22. nóv. 1913 orðist svo:

Þau skip teljast íslensk, sem heimili eiga á Íslandi og að tveim þriðju hlutum minst eru eign manna, sem heimilisfastir eru á Íslandi eða í Danmörku eða þar innbornir, án þess að vera ríkisborgarar annarsstaðar. Nú er skip hlutafjelagseign, og skal þá meiri hluti stjórnarnefndarmanna vera búsettur á Íslandi og heimilisfang fjelagsins þar, enda fullnægi hver stjórnar-

nefndarmaður framangreindum skilyrðum um heimilisfestu eða rjett innborinna manna; þó má ráðherra Íslands veita hlutafjelögum undanþágu frá síðastnefndum ákvæðum, þegar að minsta kosti $\frac{2}{3}$ hlutar stjórnarnefndarmanna fullnægja skilyrðunum um heimilisfestu.

2. gr.

225. gr. sömu laga orðist svo:

Ef tjón verður á skipi, gósi eða mönnum, af því að skip rákust á, og sökin liggur öll annars vegar, þá bætir hinn seki skaða þann allan, er af hlaust. Nú hefir mannsbani hlotist af árekstrinum, og má þá, ef þess er krafist, dæma hinn seka, þótt eigi verði álitid að hann hafi unnið til hegningar, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bætunar tiltekna upphæð eitt skifti fyrir öll. Hvorki þessar bætur nje bætur fyrir líkamstjón mega fara fram úr 4200 krónum.

Nú er sökin beggja megin, og skulu þá hinir seku bæta skaðann að rjettri tiltölu við sök hvers þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins, að ekki verður bygd á þeim skifting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum, þá bæta hinir seku tjónid að jöfnum hlutum.

Hver hinna seku ábyrgist einungis sinn hluta skaðabótanna, nema manns bani hafi hlotist af árekstrinum eða tjón á líkama eða heilbrigði. Þá má sá, er skaðabótarjettinn á, krefja hvern hinna seku um allar skaðabætunar. Ef einhver hinna seku hefir af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að rjettri tiltölu, þá á hann endurgjaldsrjett á hendur hinum á þeirri upphæð, sem hann varð að greiða umfram sinn hlut.

Þá er meta skal sök, skal dómari einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

3. gr.

228. gr. sömu laga orðist svo:

Nú rekast skip á, og er þá hvorumtveggja skipstjóra skylt, að svo miklu leyti sem það má verða, án þess að stofna í verulega hættu skipi sínu, skipshöfn þess eða farþegum, að veita hinu skipinu, skipshöfn þess og farþegum alla þá hjálp, sem veita má og þeim er nauðsyn á til bjargar sjer úr háska þeim, sem áreksturinn stofnaði þeim í. Skylt er og þeim skipstjóra, að segja hinum skipstjóranum til nafns á skipi sínu og til heimkynnis þess, úr hverjum stað eða höfn það kom og hvert því er ætlað að fara.

4. gr.

Á eftir 228. gr. sömu laga komi ný grein, 228 gr. a), svohljóðandi:

Það, sem fyrir er mælt í þessum kapitula um árekstur skipa, kemur einnig til greina, þá er skip veldur tjóni á öðru skipi, eða á mönnum eða góssi, sem á því eru, með siglingu sinni eða á annan hátt, þó ekki hafi skipin rekist á.

5. gr.

Fyrirsögn 10. kapitula sömu laga orðist svo: Um björgun.

6. gr.

229. gr. sömu laga orðist svo:

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefir eða er statt í neyð, eða gósi sem á því er, eða nokkru af því skipi eða gósi því, sem á því var, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rjett á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Sá, sem bjargar mönnum af skipinu, meðan það var statt í neyð þeirri, sem var tilefni til björgunarinnar, eða veitir að björgun mannanna, á rjett á hluta úr björgunarlaununum.

Nú tekur einhver þátt í björguninni gegn beru og rjettmætu banni þess, sem hefir stjórn skipsins á hendi, og á hann þá engan rjett á björgunarlaunum.

Krefja má björgunarlauna jafnt, þó það skip, sem bjargaði, sje eign sama manns sem hitt, sem bjargað var.

Nú hefir maður tekist á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita því aðstoð á annan líkan hátt, og skipinu hlekkist síðan á, og á sá maður þá að eins rjett á björgunarlaunum að því leyti, sem talið verður, að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því, sem honum bar skylda til samkvæmt því, er honum bar af hendi að inna.

Nú verða málsaðiljar ekki á eitt sáttir um, hve mikil björgunarlaunin skuli vera, og sker þá dómur úr.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umbodsmáður hans.

7. gr.

230. gr. sömu laga orðist svo:

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt:

1. Fyrst og fremst:

- a, Að hve miklu leyti björgunin tókst;
- b, Verklagni þeirrar og atorku, sem björgunarmenn unnu með að björguninni, og tíma þess og fyrirhafnar, sem til hennar var varið;
- c, Hættu þeirrar, sem skipið sem bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar eða gós;
- d, Hættu þeirrar, sem björgunarmönnum og eign þeirra var stofnað í;
- e, Áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt;
- f, Skaða þess, sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft, og verðmætis björgunartækja þeirra, sem notuð voru;
- g, Þess, hvort skipið, sem bjargaði, var sjerstaklega útbúið til björgunar.

2. Þar næst:

Verðmætis þess, sem bjargað var.

Nú kemur það í ljós, að björgunarmaður var sjálfur sök í neyð þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða hefir orðið sekur um þjófnað, hilming

eða aðra svíksamlega meðferð á munum þeim, sem bjargað var, og má dómurinn þá færa niður björgunarlaun þess manns eða svifta hann björgunarlaunum með öllu.

8. gr.

231. gr. sömu laga orðist svo:

Ekki má gera björgunarlaun hærrí en verðmæti þess, sem bjargað var, að meðtöldu flutningsgjaldi fyrir farm og farþega, en að frádregnum tolli og öðrum opinberum gjöldum svo og kostnaði við geymslu, virðingargjörð og sölu.

Í björgunarlauninum felst og þóknun fyrir að flytja gósið, sem bjargað var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru til þess.

9. gr.

232. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarsamningur hefir verið gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar, þá má hver aðilja, sem er, krefjast þess, að dómur ónýti samninginn eða breyti honum, ef telja verður, að skilmálar hans sjeu ósanngjarnir.

Rjett er og dómi að ónýta björgunarsamning eða breyta honum ávalt þá er telja verður, að umsamin björgunarlaun sjeu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá sem veitt var, ef sá aðilja, sem á var hallað, krefst þess.

Ákvæðið í síðustu málsgrein 230. gr. kemur einnig til greina, þá er samningur hefir verið gjörður um björgun.

Máli til ónýtingar björgunarsamnings eða breytingar á honum, skal vera stefnt til dóms áður en þrír mánuðir sjeu liðnir frá því, er samningurinn var gjörður.

10. gr.

1. málsgrein 233. gr. sömu laga orðist svo:

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og gætt þeirra atvika, sem 230. gr. greinir.

11. gr.

Í 4. tölulið 236. gr. sömu laga breytist punkturinn á eftir orðunum »greiðslu á« í kommu, og komi ný setning svohljóðandi: og loks endurgjaldskrafa sú, sem um er rætt í 3. málsgrein 225. greinar.

12. gr.

251. gr. sömu laga orðist svo:

Kröfur, sem kröfuhafi getur eftir þessum lögum, eigi leitað sjer fullnægingar fyrir í öðrum munum en þeim, sem hann á sjóveðrjett í, missast hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hjer segir:

1. Kröfur um framlag til sameiginlegs sjóttjóns og til kostnaðar, sem jafna

skal niður á líkan hátt (sbr. síðari málsgrein 166. gr. og 2. málsgrein 223. gr.) áður ár sje liðið frá dagsetningu úrslitagjörðar sjótjónsins.

2. Kröfur til skaðabóta fyrir glataðan eða skemdan farm áður ár sje liðið frá því, er affermt var.
3. Kröfur til allra annara skaðabóta áður tvö ár sjeu liðin frá því, er tjónið bar að.
4. Kröfur um björgunarlaun áður tvö ár sjeu liðin frá því, er björgunarstarfinu var lokið.
5. Endurgjaldskrafan samkvæmt 3. málsgrein 225. gr. áður ár sje liðið frá því, er greitt var þeim, sem tjónið beið.
6. Allar aðrar sjóveðrjettarkröfur áður ár sje liðið frá því, er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfuhafi auk þess rjett á að ganga að útgjörðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir kröfu sinni um skaðabætur fyrir tjón af árekstri eða fyrir einhverjum þeim kröfum, sem taldar eru í 4. og 5. tölulið hjer að framan, og taka þá fyrningarákvæði þau, sem þar eru nefnd, einnig til þess rjettar kröfuhafa. Um aðrar framangreindar kröfur, sem kröfuhafi á rjett á að ganga jafnframt að einhverjum fyrir, sem skuldunaut, fer eftir hinum almennu fyrningarákvæðum laga.

Ávalt, þá er málið til fullnægingar kröfunni er höfðað fyrir íslenskum dómi, skal farið eftir fyrningarlögum þeim, sem gilda hjer á landi, um það, hverjar athafnir rifta fyrningunni.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

14. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra í meginmál siglingalaga 22. nóv. 1913, og getur konungur gefið þau lög út þannig breytt sem siglingalög Íslands.